

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Jóga
- Oddvitaspjall

[Næsti Pési kemur út 14.febr 2013](#)

[Efni í Pésann](#)

[VERÐUR að](#)

[berast í](#)

[síðasta lagi](#)

[10.febr](#)

## Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Oddvitaspjall	6
Zumba	10
Sparidagar	15
Karfan	18
SS	19

Jan 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/>

[Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts](http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 267. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



## Frá Bókasafni Hrunamanna



### Opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inná [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is), nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira. Og nú er **alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar. Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

## Sveitarstjórapistill

Nýtt ár er víst komið og þá er gjarnan gaman að horfa um öxl og fram á veginn. Líffræðilega er trúlega erfitt að gera hvoru tveggja í einu nema vegurinn sé bak við mann eða hvað. Nú fer sá tími í hönd þar sem verið er að klára uppgjör 2012 og skoða hvernig gengið hefur upp í rekstri og framkvæmdum og fara að framkvæma áætlanir 2013. Hvoru tveggja er reyndar býsna spennandi og það er reyndar tilhlökkun að fara að skipuleggja það sem sveitarfélagið hyggst hrinda í framkvæmd á þessu ágæta ári. Það mun reyndar hjálpa okkur dálítið að Arion banki hefur viðurkennt að annað af tveimur gengislánum Hrunamannahrepps sé ólöglegt gengislán og væntanlega liggur fyrir endurútreikningur á því í lok janúar. Það mun hafa þau áhrif að skuldir sveitarfélagsins munu lækka og greiðslubyrði lána minnka og þannig auðvelda okkur rekstur sveitarfélagsins og auka getu okkar til fjárfestinga þegar við teljum þörf á að fara í þær.

Almennt erum við sátt við síðasta ár og flest það sem við stefndum að var framkvæmt og vonandi sést eitthvað eftir okkur. Trúlegt er hins vegar að rekstur sveitarfélagsins fyrir árið 2102 verði öðru hvoru megin við núllið en það kemur betur í ljós með hækkandi sól. Nú verður aðeins vart við að fólk og fyrirtæki eru að hugsa sér til hreyfings í framkvæmdum í sveitarfélaginu. Sem dæmi má nefna að Flúðasveppir eru að endurnýja og stækka myndarlega rotmassahúsið hjá sér en það fyrirtæki er einn af burðarásum í sveitarfélaginu og er til fyrirmyndar á allan hátt. Þá munu vonandi nýjar íbúðir fara að rísa á Flúðum enda er veruleg þörf fyrir nýtt húsnæði og vonandi að fleiri fylgi í kjölfarið.

Nú er verið að vinna í nýrri heimasíðu fyrir sveitarfélagið og hefur góður hópur manna og kvenna komið að þeirri vinnu. Vonandi tekst vel til, en búið er að setja hana í gagnið þó eftir sé að fylla hana af upplýsingum. Ef einhver hefur góðar hugmyndir um hvort eitthvað mætti betur fara hvet ég viðkomandi að hafa samband við skrifstofuna. Þá vil ég einnig vekja athygli á facebooksíðu Hrunamannahrepps sem Daði Geir í Bryðjuholti heldur úti í samvinnu við sveitarfélagið og er í raun lifandi viðburðartal og upplýsingaveita fyrir okkur. Hægt er að nálgast hana í gegnum heimasíðu okkar. Þá hefur einnig verið gengið frá nýjum samningi við Gagnaveituna um að stórbæta gæði á nettengingum hjá stofnunum sveitarfélagsins þannig að gagnamagn stóreykst. Þetta var farið að hamla möguleikum að nýta netið til kennslu í skólunum þannig að vonandi stendur þetta til mikilla bóta.

Það var gaman að sjá hvað vel var mætt þegar skrifað var undir yfirlýsingu um sameiningu við Brunavarnir Árnassýslu þann 28. desember s.l. og BÁ kynnti jafnframt starfssemi sína. BÁ hefur síðan gengið rösklega fram í að endurnýja búnað í slökkvistöðinni á Flúðum og von er á meiru. Ekki leið á löngu uns kom að fyrsta útkalli sameinaðs slökkviliðs, því að á aðfararnótt nýársdags komu fyrstu útköllin en sem betur fer ekki alvarlegri en sinubrunar.

Að mínu mati hefur tekist vel með þessa sameiningu og ég er sannfærður að þetta er framfaramál fyrir okkur.

Nú hafa orðið mannabreytingar í skólunum okkar. Halla hefur hafið störf sem leikskólastjóri og í hennar stað var Ragnar Magnússon ráðinn og þá kom Bjarni Birgisson kokkur í afleysingar fyrir Ólöfu matræð. Vil ég bjóða þau velkomin starfa og það er ánægjulegt að karlkyninu hafi fjölgað svona í Flúðaskóla. Að lokum langar mig til að hrósa börnunum í Flúðaskóla fyrir líflegar leiksýningar á litlu jólunum og það er til sóma að æfa börnin í því að koma fram og framkvæma skemmtilegar hugmyndir. Þó búið sé að halda upp á lok jóla með glæsilegri brennu og flugeldasýningu hjá Björgunarfélaginu Eyvindi vil ég mælast til að menn láti ljós loga fram eftir janúarmánuði og þannig gefa myrkrinu langt nef.

Ég vil óska öllum gleðilegs árs og megum við öll eiga gott ár saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Heimasíða Hrunamannahrepps.

Nú er verið að endurnýja heimasíðu hreppsins og óskum við eftir því að þjónustuaðilar, félagasamtök, ferðaþjónustuaðilar og aðrir þeir í Hrunamannahreppi sem vilja hafa upplýsingar inni á síðunni okkar, hafi samband sem fyrst á netfangið [marta@fludir.is](mailto:marta@fludir.is) eða í síma 4806600.

## BAÐSTOFUKVÖLD.



## VÖRÐUKÓRINN

Þann 1. febrúar n.k. heldur Vörðukórinn baðstofukvöld í Félagsheimili Hrunamanna.

Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg.

Tónlist, sögur, gamanmál og fleira.

Gestir, sem kitla hláturtaugar og gleðja

tónlistarþurfandi eyru.

Veitingar í föstu og fljótandi formi.

Nánar auglýst síðar!!!

**Fjáröflunarnefndin.**



## Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



## Saltsteinar - steinefna- og vítaminblokkir - steinefnafötur

### Saltsteinn Natur



10 kg.

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf als búfjár  
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

### Saltsteinn Plus



10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni  
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

### Steinefnablokk-Uniblokk



10 kg.

Steinefna- og bæti efna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

### Vítaminblokk Vítablokk



10 kg.

Vítaminblokk sem inniheldur flest þau vítamin og snefilefni sem búfa þarf til að fóðrast vel. Hentar ekki sauðfé.

### Steinefna fata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bæti efna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

### Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bæti efna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

### Steinefna fata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bæti efna fata sem hentar sérlega vel fyrir kyri í galdstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamini eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

## SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



SU1000120  
Vatnsd. grænn -  
gæðaplást



SU1000066  
Vatnsd. svartur  
plást/óðað stál



SU1001210  
Vatnsd. Grænn,  
Stór/plást



SU1001200  
Vatnsd. stór  
Ryðfrír



SU1000130  
Vatnsd. Grænn  
plást m/íloft.



SU1000033  
Vatnsd. Svartur  
m/ílofti og hita



SU1600102  
Drykkjarkar 80 L



SU1000545  
Vatnsd. m/dásu  
fyrir betlarhöf



SU1000041  
Vatnsd. grænn  
m/tungu og hita



SU1310513  
Flotholt í húsi  
f/drykkjarkör



SU1800326  
Nippi stödur



Gunnbjarnarholti - 801 Selfossi - 480 5600 - landstolpi.is



**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is



Ólafsteinn á Hrafnkelsstöðum kampakátur með nýja mjaltþjóninn, sem tekinn var í notkun á dögnum. Ljóm: SigSigm

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**

**SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**

**OPIÐ VIRKA DAGA 9-18**

**LAUGARDAGA 11-14**



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á  
[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

## Oddvitapistill!

Í upphafi árs er góður siður að rifja upp liðið ár.

Talsverðar framkvæmdir hafa verið á vegum sveitarfélagsins á árinu, helst var það malbikun á Smiðjustíg, endursmíði á eldhúsi skólans ásamt gluggum í kennsluálmú. Loks virðist hafa tekist að lagfæra leka í leikskóla og í leiðinni var skipt um gólfefni sem lagfærði mjög hljóðvist leikskólans. Umhverfi sundlaugar var lagfært til muna og ein íbúð sveitarfélagsins var seld á árinu. Merkingar á húsum sveitarfélagsins koma vel út og verður meira um merkingar í vor, þá bæði gatnamerkingar og umferðamerkingar þar sem nú er 30 km. hámarks hraði í íbúðargötum á Flúðum. Haldið verður áfram með malbikun á Flúðum í sumar og er Ásastígur næstur, stefnt er að því að allar götur á Flúðum verði með bundnu slitlagi eftir 3. ár. Þá verður þak á gluggagangi í skólanum endurnýjað, málað verður þak á íþróttahúsi, haldið áfram að klæða „kennara“ íbúðirnar, svo er stefnt að lagfæringum á eldhúsi í félagsheimili. Áfram verður unnið í listigarðinum, en í vetur á að koma fyrir ljósum í stuðlaberg frá Hrepphólum, sem síðan verður komið fyrir í garðinum.

Heilsuþorpið er ennþá í vinnslu, íslensku bankarnir sýna verkefninu nú meiri áhuga, en beðið er eftir meiri upplýsingum frá kínverjum um hvernig þeir komi að fjármögnun verkefnisins, eins hefur verið unnið að því að uppfæra rekstraráætlun heilsuþorpsins. Sustainable sites hefur samþykkt alla þætti uppbyggingarinnar sem snerta sjálfbærni og vistvænar áherslur, en góðir hlutir gerast hægt.

Eigendur minjasafns Emils Ásgeirssonar hafa undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að safnið komist í eigu Hrunamannahrepps, samhliða því þarf að semja við nágrannasveitarfélögin og Byggðasafn Árnesinga, en það mun hafa umsjón með daglegum rekstri safnsins. Þá hefur verið rætt um stofnun á Fjalla Eyvindar setri í Hrunamannahreppi. Væri spennandi að geta haldið upp á 200 ára afmæli hans með opnun á safni árið 2014.

Rekstur Hitaveitu Flúða gengur vel og gott fyrir sveitarfélagið að eiga svona gullmola, en af og til koma fyrirspurnir um orkumál til okkar bæði stór og smá. Þá er mikilvægt að geta brugðist við því á viðeigandi hátt. Skólalæpingið síðasta vetur tókst mjög vel og verið er að vinna skólafestun bæði fyrir grunn- og leikskóla, einnig stefnu fyrir félagsmiðstöðina.

Skólapingið síðasta vetur tókst mjög vel og verið er að vinna skólustefnu bæði fyrir grunn- og leikskóla, einnig stefnu fyrir félagsmiðstöðina.

Sorpmál. Tekin var ákvörðun um að fara í tveggja tunnu kerfi á öllum heimilum í sveitinni, þar sem blátunnu verður bætt við og í hana má fara allur pappír sem fer svo til endurvinnslu. Stefnt er að því að fara í þetta í vor, og verður það kynnt vel þegar nær dregur. Hafist var handa við reglulega tæmingu á rotþróum í sveitarfélaginu í sumar og var seyrinni dreift inn á afrétt með góðum árangri. Áhugavert verkefni sem önnur sveitarfélög horfa til.

Ferðapjónustan eykst allaf á svæðinu og er stækkunarhugur í ferðapjónustuaðilum vegna þessa, enda nauðsynlegt að geta boðið ferðamönnum að staldra við og njóta verunnar hér í lengri eða skemmri tíma. Unnið er að stofnun Hollvinasamtaka Kerlingafjalla, að því standa Fannborg, Landvernd og Hrunamannahreppur, tilgangur þessara samtaka er að styðja og efla uppbyggingu á Kerlingafjallasvæðinu.

Í lok árs gafst Íslendingum kostur á að sækja um IPA styrk til ESB og Uppsveitir sendu sameiginlega umsókn inn. Sótt var um kr. 50 milljónir sem fara eiga í verkefni í ferðapjónustunni með áherslu á náttúru, menningu, heilsu og uppbyggingu á nýjum ferðamannastöðum og markaðsetningu í kringum það.

Unnið verður að heildarskipulagi Flúða í vetur og í því sambandi er stefnt að því að íbúar sveitarfélagsins fái að kjósa, samhliða þingkosningum í vor, um tvær mögulegar lausnir á gatnamótunum við búðina, annars vegar lítið hringtorg, hins vegar aflíðandi beygju á Hrunamannavegi.

Samstarf sveitarfélaga á svæðinu eykst stöðugt, nú um áramót tók til starfa nýtt tækisvið uppsveita þar sem ráðinn var verkfræðingur til starfa, þetta mun auka skilvirkni á öllum tækniþáttum sveitarinnar. Þá mun Ásahreppur væntanlega ganga inn í Skipulags- og byggingaembættið nú í janúar. Nú um áramót sameinaðist Slökkvilið Flúða, Brunavörnum Árnessýslu.

Að lokum óska ég íbúum og gestum Hrunamannahrepps gleðilegs árs og friðar. Ragnar Magnússon oddviti.



# LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

## Tækjasalur í íþróttahúsi.

Opnunartími frá áramótum:

Mánudaga – fimmtudaga frá 16:00 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót eru í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

## **Frá Félagi eldri Hrunamanna**

Stjórn félagsins hefur ákveðið að „opið hús” verður framvegis  
**þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 14:00.**

Stefnt verður að því að minna á samkomurnar í Pésanum í hvert eitt sinn.

Vonum að sem flestir mæti og njóti þess sem félagar okkar hafa fram að færa og eiga góða stund í góðum félagskap.

Bestu kveðjur,

Stjórnin



## **Hár-Hrun**

Klippa í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

**Skrifstofa Hrunamannahrepps.**

**Opnunartími hreppsskrifstofu.**

**Mánudaga til föstudaga:**

**09:00-12:00 og 13:00-16:00**



Hrunamannahreppur



# Flugeldasýning 2013

Eins og flestir vita var haldin flugeldasýning laugardaginn 5. jan sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu.

Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Eftirtaldir aðilar buðu uppá Flugeldasýninguna 2013:

Auðsholtsbúið, **Arion banki**, Arnfríður og Jón Viðar Dalbæ

Bryðjuholt, **Búnaðarfélag Hrunamanna**, Bökun ehf

Eiríkur Grafarbakka, **Emil Grafarbakka**, Flúðafiskur

Flúðaleið, **Flúðaraf**, Fossi ehf, Fögrusteinar, **Garðyrkjustöðin Brún**

Garðyrkjustöðin Hvammi 1, **Gistiheimilið Syðra-Langholti**

Góðir hálsar ehf, **Gróður ehf**

Gröfutækni ehf, **Hótel Flúðir**, Helga Bryðjuholti

Hestaleigan Syðra-Langholti, **Hitaveita Flúða**, Hnúkur slf

Hrunamannahreppur, **Hús og Stigar ehf**, Íslenskt grænmeti ehf.

Kaffi Sel, **Kjöt frá Koti**, Landtak ehf, **Límtré Vírnet**

Loðdýrabúið Ásgerði, **Minilik veitingahús**, Ólafur Ómar

Pizzavagninn, **Plast og Suða**, Ragnar Birtingarholti

Skipholt 3, **Sólheimabúið**, Samkaup Strax

Sölufélag garðyrkjumanna, **Veitandi**, Vinnuvélar Úlfars Harðar

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengiefninu á skotstað.

Með von um gott og slysaust ár

Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Vindur

## Vantar þig skrifborð?

Skrifborðið mitt sárvantar nýtt heimili. Það er vandað, gengheilt og sterkt og er mjög vel með farið. Stærðin er 144 x 80.

Verð aðeins 3.000 kr – gjafverð fyrir góðan grip. Er á Flúðum. Upplýsingar í síma 8980677 eða 4866777 (Alla)

## Fótaaðgerð.


Verð í Heimalandi föstudaginn 25. janúar 2013

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur





NÝTT NÝTT NÝTT NÝTT

**Dansaðu þig í fanta form eftir jólin með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.**

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.**

### **Zumba Flúðir**

- Zumba þriðjud- fimmtud kl:17:30
- Þjálfari Silja 6. vikna námskeið
- Hefst 22. janúar í félagsheimilinu Flúðum
- Verð Kr. 15.900 6. Vikur
- Skráning í síma 8685610 eða [danssport@toppnet.is](mailto:danssport@toppnet.is)



[danssport@toppnet.is](mailto:danssport@toppnet.is)

# LAUGARVATN fontana

## Heilsulind frá landnámi

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Síminn okkar er sem áður 486 1400.

Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.

---

Kæru sveitungar.

Sigurjón Snær heiti ég og í fyrra lauk ég mastersgráðu í reikningsskilum og endurskoðun. Undanfarin 6 ár hef ég unnið hjá Ernst & Young ehf. Ernst & Young ehf. er endurskoðunarstofa sem býður upp á endurskoðun, ársreikninga- og framtalsgerð, verðmöt, bókhald og flest allt sem tengist bókhaldi og rekstri fyrirtækja. Ég sérhæfi mig í ársreikninga- og framtalsgerð í bland við ýmsa skattaráðgjöf. Ef þú telur að ég eða fyrirtækið sem ég vinn hjá geti aðstoðað þig við þinn rekstur, hvort sem það er að koma honum af stað eða skila árlegum uppgjörum, geturðu haft samband við mig. Þar sem ég kem reglulega heim í sveit er í boði að hittast þar um helgar, hvort sem það er til að ræða málin eða koma gögnum á milli staða, ef þú vilt spara þér ferð á virkum degi til Reykjavíkur. Starfsmenn Ernst & Young ehf. vinna í samræmi við siðareglur um endurskoðendur og þar á meðal kafla 140 um trúnað.

Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hringja í mig í síma 595-2509 sem er beinn vinnusími, 866-9035 sem er persónulegi farsíminn minn eða senda mér tölvupóst á [sigurjon.jonsson@is ey.com](mailto:sigurjon.jonsson@is ey.com)



**ERNST & YOUNG**

---

## Svefnsofi til sölu

Svefnsofi frá IKEA af tegundinni Lycksele, stærð 140x188cm með svörtu áklæði. Nýlegur og lítið notaður. Verð: 25.000 (svona svefnsofi kostar í dag 62.900 í IKEA).

Upplýsingar í síma 565-6760, 896-1488 eða í netfangið

[drofn@msn.com](mailto:drofn@msn.com).



Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3  
Sími: 533 2211



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.  
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.  
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Um leið og ég óska ykkur sveitungum mínum gleðilegs árs og þakka fyrir það liðna, langar mig að segja ykkur frá því að ég ætla aftur að bjóða upp á heimakynningar á Volare vörunum. Ætla ég að byrja á því að halda fyrstu kynninguna sem ykkur öllum er boðið að mæta á. Kynningin verður haldin fimmtudaginn 24.janúar kl. 20:30 að Miðhofi 6.

Frekari upplýsingar er að fá hjá  
Kristínu Magdalenu Ágústsdóttur,  
Volare söluráðgjafa

í síma/email: [690-4541/krima@mi.is](mailto:690-4541/krima@mi.is).

Langar mig í leiðinni að segja ykkur frá vöru mánaðarins sem er All purpose, rakakrem. Í hverjum mánuði er ein vara á sértílboði fyrir viðskiptavinum Volare.

## *Vara mánaðarins*

*Aloe Vera rakakrem*

*Gott rakakrem á alla fjölskylduna  
Einstaklega gott nú í kuldanum  
Hefur reynst vel á barnaexem  
og psoriasis*

Fullt verð: kr. 4.390.-  
Tilboðsverð: kr. 3.512.-



Við minnum á æfingar alla mánudaga kl: 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna. Það væri gaman að sjá nýjar söngsystur, sem og þær sem hafa áður verið með okkur .

Endilega kikið á okkur:)

Kvennakórinn Uppsveitasystur


# Jóga fyrir 60 ára og eldri



Fimmtudaginn 10. janúar byrjum við aftur með léttu jógaleikfimi í Heimalandi. Áhersla verður lögð á liðkandi æfingar, teygjur og öndunaræfingar. Vinnum að því að efla jafnvægi og einbeitingu og endum tímann síðan á slökun.

Staður: Heimaland (kjallari)  
Tími: Fimmtudagar kl. 10:00

Allir velkomnir. Það er ekki þörf á að hafa reynslu af jóga. Æfingarnar gerum við sitjandi á stól eða standandi, allt eftir hentugleikum og getu hvers og eins. Nánari upplýsingar í síma 8980677.



Aðalheiður Jónsdóttir  
jógakennari

## VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímapantanir í Síma 856-1599

## Dósasöfnun

Nú stendur yfir fjáröflun hjá nemendum 9. bekkjar í Flúðaskóla vegna Danmerkurferðar í haust. Hluti af fjáröfluninni er að safna dósum og flöskum til endurvinnslu. Íbúar í hreppnum mega því eiga von á heimsóknnum með reglubundum hætti í vetur.

**Fyrsta heimsókn vetrarins verður upp úr miðjum janúar.**

Með fyrirfram þökk og von um góð viðbrögð.  
Nemendur 9. bekkjar og foreldrar.



## Sparidagar eldri borgara í sveitasælu

Á Sparidögum gefst brottfluttum sveitungum kærkomið tækifæri til að gleðjast með gömlum vinum og kunningjum. Hér að neðan er áætlun um hvenær félögum bjóðast Sparidagavikur og hvenær mögulegt er fyrir aðra að sækja um dvöl.

*Dvalar Kozvaður Nr. 42.500 í Fúsgjarni.  
hvern veginn. Samt fella dagskrár alla daga.*

<u>10. - 15. febrúar</u>	3. - 8. mars	Breiðdalsvik
Selfoss	Siglufjörður	Stöðvarfjörður
Eyrarbakki	Ólafsfjörður	Djúpivogur
Porlákshöfn	Dalvík	Höfn
Grímsnes og Grafningshreppur	Akureyri	Skáttárhreppur
Skeiða og Gnúpverjahreppur	Eyjafjörður	Mýrdals og Eyjafjallahreppur
Biskupstungur	Korpúlfar	Rangárþing
Hrunamenn	Reykjavík	Reykjavík
Mosfellingar		
Garðabær	10. - 15. mars	14 - 19. apríl
Álfanes	Hafnarfjörður	Önfirðingar
Reykjavík	Akranes	Súgfirðingar
	Reykjavík	Súðvíkingar
		Ísfirðingar
17. - 22. febrúar	17. - 22. mars	Bolvíkingar
Snæfellsbær	Þingeyingar	Dýrfirðingar
Borgarnes	Suðurnesjamenn	Patreksfirðingar
Borgarfjarðardalur	Reykjavík	Strandamenn
Kópavogur		Grunnvíkingar
Reykjavík	7. - 12. apríl	Dala og Reykhólahreppur
	Norðfjörður	Stykkishólmur
24. febrúar - 1. mars	Eskifjörður	Grundarfjörður
Vestmannaeyjar	Reyðarfjörður	Reykjavík
Húnaþing	Seyðisfjörður	
Skagfirðingar	Fáskrúðsfjörður	
Reykjavík		

*Nánari upplýsingar og skráning að  
dóð, þessa 5 daga. Sí: 486-5645-861-0272.  
fyrir 30. janúar.*

**HJÓNABALL, 2.MARS 2013  
TAKIÐ DAGINN FRÁ!!**

## Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

### – kveðja til ykkar allra í samfélaginu í upphafi nýs árs 2013

#### **Þakklæti**

Í upphafi nýs árs er okkur kvenfélagskonum efst í huga þakklæti til allra þeirra sem með einum eða öðrum hætti hafa stutt við starf okkar síðastliðið ár sem og öll árin þar á undan. Einkum og sér í lagi fá félagskonur þakkir frá okkur í stjórn fyrir að taka alltaf jákvætt í beiðni okkar um vinnuframlag eða fyrir annan stuðning við félagið.

Einnig þökkum við allan almennan stuðning og jákvæðni samfélagsins alls í okkar garð. Það er okkur afar mikilvægt að finna að starf okkar er mikils metið.

#### **Þorablót – 2. febrúar 2013**

##### **Frá fjáröflunarnefnd**

Mínum á þorablótið sem haldið verður annan laugardag í þorra, **2. febrúar**.

Athugið að þetta er breytt dagsetning frá því sem áður hefur verið auglýst!

Í þetta sinn mun allur ágóði renna til styrktar tveimur fjölskyldum í Hrunamannahreppi þar sem erfið veikindi herja á. Er það von okkar og trú að samfélagið allt taki nú höndum saman og mæti á blótið og styrki þar með þetta góða málefni. Jafnframt munum við opna reikning svo þeir sem einhverra hluta vegna komast ekki á þorablótið geti lagt málefninu lið.

Sami háttur verður hafður á og undanfarin ár þar sem gestir taka með sér trog með þorramat, Jón Bjarnason mun stjórna borðhaldi og dansi og minni karla og kvenna verða á sínum stað.

**Nánar auglýst síðar með dreifibréfi.**

---

### **Álagning fasteignagjalda 2013**

Fasteignagjöld í Hrunamannahreppi verða innheimt í heimabönkum.

Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum og boðgreiðslur af greiðslukortum.

Hægt er að skoða álagningarseðla á **island.is** þegar álagningu er lokið.

Greiðsluseðlar verða ekki sendir út til greiðenda, líkt og undanfarin ár.

Þeir sem óskuðu eftir greiðsluseðli á pappír á sl.ári munu þó fá sendan seðil áfram. Gjald dagar eru þeir sömu og á árinu 2012.

Vinsamlegast hafið samband á Skrifstofu Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða á netfang: **svanhildur@fludir.is** ef nánari upplýsinga er þörf.

Skrifstofustjóri



# Íslenska I og II

## Flúðir

Fræðslunet Suðurlands áformar að halda íslenskunámskeið I og II fyrir útlendinga á Flúðum, vorönn 2013 um leið og næg þátttaka fæst.

Hvort námskeið er 60 stundir.

Þátttakendur þurfa að hafa íslenska kennitölu.

**Kennarar:**

Evelyn Bryner og Anna Kristjana Ásmundsdóttir

Nánari upplýsingar og innritun á  
[www.fraedslunet.is](http://www.fraedslunet.is) | [fraedslunet@fraedslunet.is](mailto:fraedslunet@fraedslunet.is)  
og í síma 560 2030

*Athugið innritun lýkur 25. janúar*



## Jóga á Flúðum

Ef næg þátttaka fæst hefst 5 vikna jóganámskeið þriðjudaginn 15. janúar. Kennt verður tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:30 – 18:45.

Liðkandi og styrkjandi æfingar þar sem lögð er áhersla á rétta öndun. Einnig er hluti æfinganna sérstaklega til þess gerður að bæta jafnvægi og einbeitingu. Nokkrar mismunandi öndunaræfingar verða kenndar. Þær hjálpa okkur að hreinsa bæði líkama og huga og virka slakandi. Tímarnir enda síðan á góðri slökun.

Nauðsynlegt er að skrá sig á þetta námskeið. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða á netfanginu [adj13@hi.is](mailto:adj13@hi.is).

Aðalheiður Jónsdóttir  
jógakennari



*Landflutningar*  
SAMSKIP

**Flúðaleið ehf**

**EIMSKIP**

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

## Fréttir frá körfuknattleiksdeild UMFH

Firmakeppni körfuknattleiksdeildar UMFH var haldin 5. janúar sl. í Íþróttahúsinu á Flúðum. Er hún orðin árlegur viðburður hjá deildinni. 19 fyrirtæki og einstaklingar styrktu keppnina að þessu sinni og keppendur voru 60.

Keppni hófst um hádegi á minnibolta telpna og drengja. Eftir drengilega keppni stóðu Girls direction uppi sem sigurvegarar í telpnaflokki og kepptu þær fyrir hönd Flúðaskóla. Liðsmenn Girls direction voru Una Bóel Jónsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Perla Karlsdóttir og Kristjana Sigmundsdóttir. Í drengjaflokki vann lið Hrunamanna, skipað þeim Hannibal Sindra Óskarssyni, Viktori Loga Ragnarssyni, Guðbrandi Erni Úlfarssyni, Axeli Fannari Gústafssyni og Óliver Berg Sigurðssyni. Kepptu þeir fyrir Hitaveitu Flúða.

Eftir spennandi keppni yngri flokka var keppt í unglinga- og fullorðinsflokkum. Skipt var í tvær deildir, unglingar stelpur/strákar og fullorðnir. Í unglingaflokki stráka stóð efst liðið Ekkert sem keppti fyrir Flúðaverktaka. Leikmenn í Ekkert voru Anton Gunnlaugur Óskarsson, Halldór Fjalar Helgason, Kristinn Þór Styrmisson, Orri Ellertsson og Filip Jan Jozefik. Í stelpnaflokki hafði sigur liðið Sætar kartöflur en þær kepptu fyrir Hótel Flúðir. Leikmenn Sætra kartaflna voru Anna Marý Karlsdóttir, Kristín

Helgadóttir, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Björk Einarsdóttir. Í fullorðinsflokki bar sigur úr bítum liðið King size sem keppti fyrir Vatnsveitu Flúða. Liðsmenn þar voru Kjartan Sigurðsson, Heimir Sigurðsson, Bogi Pétur Eiríksson, Guðmundur Eiríksson og Hjálmur Hjálmsson.

Við þökkum öllum þeim sem styrktu keppnina fyrir veittan stuðning en þeir voru: Flúðaverktakar, Auðsholtsbúið, Bryðjuholtsbullurnar,



Ferðabjónustan Syðra-Langholti, Flúðafiskur, Garðyrkjustöðin Melar, Gröfutéakni, Flúðaskóli, Leikskólinn Undraland, Félagsheimili Hrunamanna, Hrossaræktarbúið Blesastöðum, Sundlaugin Flúðum, Íþróttahúsið Flúðum, Hitaveita Flúða, Vatnsveita Flúða, Áhaldahúsið Flúðum, SR grænmeti, Kjöt frá Koti og Hótel Flúðir.



Nú eru æfingar komnar á fullt eftir jólaleyfi og komið að því að innheimta æfingagjöld fyrir vorönn. Rekstur deildarinnar hvílir að langmestu leiti á innheimtu æfingagjalda og því hvetjum við þá sem enn eiga eftir að greiða haustönnina að gera það hið fyrsta. Þeir sem enn eiga eftir að greiða vorönn geta lagt inná reikning 0325-26-9121 kt. 660269-5689. Æfingagjöld fyrir mikróbolta er 8.000 krónur á önn, minnibolta 12.000 krónur á önn og 7.-10. flokkur 14.000 krónur á önn. Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn og 50% fyrir það þriðja. Eftir 5. febrúar verða ógreidd æfingagjöld send í innheimtu.

Stjórn körfuknattleiksdeildar UMFH,

Óskar Rafn; midhof8@simnet.is,

Dúna Rut; dudda@visir.is

Kolbrún; kolbrun@fludaskoli.is

S.S. fréttir.

Þann 14.des. sl. var hinn árlegi deildarstjórafundur Sláturfélags Suðurlands, haldinn á Hvolsvelli. Að venju fóru stjórnarformaður og forstjóri yfir ýmiss mál, úr starfi og rekstri félagsins. Góð rekstrar og fjárhagsstaða, gefur fyrirheit um bjartsýni og getu til framkvæmda, því fjárfestingaþörf er til staðar á ýmsum hlutum. Greint verður ýtarlega frá málefnum félagsins á sameiginlegum deildafundi fyrir Skeiða- Gnúpverja og Hrunamannahreppa, sem haldinn verður í Árnesi, miðvikudaginn 27.febr. nk. Kl 20,30. Þar munu m.a. liggja fyrir niðurstöður ársreiknings 2012, ásamt því að fá til okkar Steinþór forstjóra, Berg sölumann og nýráðinn yfirmann búrekstrardeildar, Elías Hartmann Hreinsson. Hann starfaði áður hjá „ Líflandi„ og er mörgum bændum kunnur.

Þetta verður nánar auglýst, þegar nær dregur, en strikið samt strax undir þessa dagsetningu á dagatalinu ykkar. Að endingu vil ég minna á heimasíðuna [www.ss.is](http://www.ss.is), og t.d. þá möguleika, sem þar bjóðast að sækja um einka aðgangsorð að viðskiptareikningi ykkar, og geta þar með fylgst með stöðunni hverju sinni. Ef einhverjar spurningar vakna, er ég til þjónustu reiðubúin. Bestu nýjársóskir með kæru þakklæti fyrir samstarf og góð viðskipti við Sláturfélag Suðurlands.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

**Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar**  
**í Laugarási 480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**



Nokkrar myndir frá Litlu jólunum í Flúðaskóla.  
Ljós: SigSigm



Frá sýningu  
Björgunarsveitarinnar. Ljós: SigSigm

